**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1212** **2026/EES/10/33**

**frá 24. júní 2025**

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir virka efnið asetamípríð.

2) Umsóknir þar sem óskað var eftir breytingum á gildandi hámarksgildum leifa fyrir asetamípríð varðandi plómur, hörfræ, valmúafræ, sinnepsfræ, akurdoðrufræ og „hunang og aðrar býræktarafurðir“ voru lagðar fram skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

3) Viðkomandi aðildarríki mat þessar umsóknir í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin sendi umsóknirnar, matsskýrslurnar og málsskjöl til stuðnings til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

4) Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddum álitum um þau hámarksgildi leifa sem óskað var eftir ([2]). Hún sendi þessi rökstuddu álit til umsækjendanna, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að varðandi plómur, hörfræ, valmúafræ, sinnepsfræ, akurdoðrufræ og „hunang og aðrar býræktarafurðir“ væru breytingarnar á hámarksgildum leifa sem óskað var eftir viðunandi að því er varðar öryggi neytenda.

6) Til að tryggja að mat á asetamípríði endurspegli nýjustu vísindaþekkingu óskaði framkvæmdastjórnin enn fremur eftir því að Matvælaöryggisstofnunin legði fram yfirlýsingu um eiturefnafræðilega eiginleika og hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð og umbrotsefni þess, á grundvelli 31. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([3]).

7) Í yfirlýsingu sinni ([4]) fastsetti Matvælaöryggisstofnunin lægri ásættanlega daglega inntöku og lægri viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar fyrir asetamípríð og færði umbrotsefnið IM-2-1 í skilgreininguna á leifum fyrir áhættumat á asetamípríði í ávöxtum og blaðgrænmeti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1212, 31.7.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 261/2025 frá 5. Desember 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj.

([2]) *Matvælaöryggisstofnun Evrópu*, „Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level for acetamiprid in various crops“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(9), 6830.
Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue levels for acetamiprid in honey and various oilseed crops.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(8), 7535.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2002/178/oj).

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Statement on the toxicological properties and maximum residue levels of acetamiprid and its metabolites“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e8759.

8) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að breytingarnar sem óskað var eftir á hámarksgildum leifa fyrir plómur, hörfræ, valmúafræ, sinnepsfræ, akurdoðrufræ og „hunang og aðrar býræktarafurðir" væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda að teknu tilliti til nýs viðmiðunarskammts bráðrar eitrunar, nýrrar ásættanlegrar daglegrar inntöku og nýrrar skilgreiningar á leifum fyrir áhættumat. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum asetamípríðs vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum skapi hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

9) Á grundvelli álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, er komist að þeirri niðurstöðu að breytingar á hámarksgildum leifa sem óskað er eftir fyrir plómur, hörfræ, valmúafræ, sinnepsfræ, akurdoðrufræ og „hunang og aðrar býræktarafurðir" séu viðunandi.

10) Hinn 30. nóvember 2024 samþykkti Alþjóðamatvælaskrárráðið ný CXL-hámarksgildi fyrir asetamípríð í sojabaunum ([5]).

11) Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 skal taka mið af alþjóðlegum stöðlum, ef þeir eru fyrir hendi eða í þann veginn að verða tilbúnir, við gerð eða aðlögun laga um matvæli nema þessir staðlar eða viðeigandi hlutar þeirra séu ófullnægjandi eða óheppileg tæki til að ná þeim lögmætu markmiðum sem stefnt er að í lögum Sambandsins um matvæli eða vísindaleg rök hnígi gegn því eða þeir myndu leiða til verndar á öðru stigi en álitið er við hæfi í Sambandinu. Enn fremur, í samræmi við e-lið 13. gr. þeirrar reglugerðar, skal Sambandið stuðla að samkvæmni milli alþjóðlegra tæknistaðla og laga um matvæli en tryggja um leið að ekki verði slakað á þeirri víðtæku vernd sem samþykkt hefur verið í Sambandinu.

12) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á áhættur fyrir neytendur og samdi vísindaskýrslu ([6]). Hún staðfesti að CXL-hámarksgildið fyrir asetamípríð í sojabaunum sé öruggt fyrir neytendur í Sambandinu.

13) Á grundvelli vísindaskýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, er komist að þeirri niðurstöðu að fastsetja ætti hámarksgildið fyrir asetamípríð í sojabaunum, sem var áður fastsett við 0,01*mg/kg sem magngreiningarmörk, við CXL-hámarksgildið sem nemur 0,01 mg/kg í II. viðauka við þá reglugerð.

14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

---

([5]) Sameiginleg áætlun matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um matvælastaðla, Alþjóðamatvælaskrárráðið, 47. fundur, CICG, Genf, Sviss, 25.–30. nóvember 2024. https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-701-47%252FFINAL%2BREPORT%252FREP24_CACe.pdf.

([6]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu: „Scientific support for preparing an EU position in the 55th Session of the Codex Committee on Pesticide Residues (CCPR)." *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e8841.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Í stað dálksins fyrir asetamípríð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 kemur eftirfarandi:

*„II. VIÐAUKI*

Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamipríð (R) |
|---|---|---|
| 0100000 | **NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | 0,9 |
| 0110010 | Greipaldin | |
| 0110020 | Appelsínur | |
| 0110030 | Sítrónur | |
| 0110040 | Súraldin | |
| 0110050 | Mandarínur | |
| 0110990 | Annað (2) | |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | 0,07 |
| 0120010 | Möndlur | |
| 0120020 | Parahnetur | |
| 0120030 | Kasúhnetur | |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | |
| 0120050 | Kókoshnetur | |
| 0120060 | Heslihnetur | |
| 0120070 | Goðahnetur | |
| 0120080 | Pekanhnetur | |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | |
| 0120110 | Valhnetur | |
| 0120990 | Annað (2) | |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | |
| 0130010 | Epli | 0,07(+) |
| 0130020 | Perur | 0,07(+) |
| 0130030 | Kveði | 0,15(+) |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | 0,3 |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | 0,8 |
| 0130990 | Annað (2) | 0,8 |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamípríð (R) |
|---|---|---|
| 0140000 | **Steinaldin** | |
| 0140010 | Apríkósur | 0,08**(+)** |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | 0,8 |
| 0140030 | Ferskjur | 0,08 |
| 0140040 | Plómur | **0,04** |
| 0140990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | |
| 0151000 | a) **Þrúgur** | 0,08 |
| 0151010 | Vínber til neyslu | |
| 0151020 | Vínþrúgur | |
| 0152000 | b) **Jarðarber** | 0,5 |
| 0153000 | c) **Klungurber** | |
| 0153010 | Brómber | 0,6 |
| 0153020 | Daggarber | 2 |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | 0,6 |
| 0153990 | Annað (2) | 2 |
| 0154000 | d) **Önnur smá aldin og ber** | |
| 0154010 | Aðalbláber | 0,7 |
| 0154020 | Trönuber | 0,7 |
| 0154030 | Sólber og rifsber (rauð og hvít) | 0,01 (*) |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | 0,7 |
| 0154050 | Rósaldin | 2 |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | 2 |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | 0,01 (*) |
| 0154080 | Ylliber | 0,5 |
| 0154990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | |
| 0161000 | a) **Ætu hýði** | |
| 0161010 | Döðlur | 0,01 (*) |
| 0161020 | Fíkjur | 0,03 |
| 0161030 | Ólífur til átu | 0,9 |
| 0161040 | Gullappelsínur | 0,01 (*) |
| 0161050 | Stjörnualdin | 0,01 (*) |
| 0161060 | Gallaldin | 0,01 (*) |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamípríð (R) |
|---|---|---|
| 0161070 | Jövuplómur | 0,01 (*) |
| 0161990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0162000 | b) **Óætu hýði, lítil** | 0,01 (*) |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | |
| 0162020 | Litkaber | |
| 0162030 | Píslaraldin | |
| 0162040 | Kaktusfíkjur | |
| 0162050 | Stjörnuepli | |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | |
| 0162990 | Annað (2) | |
| 0163000 | c) **Óætu hýði, stór** | 0,01 (*) |
| 0163010 | Lárperur | |
| 0163020 | Bananar | |
| 0163030 | Mangó | |
| 0163040 | Papæjualdin | |
| 0163050 | Granatepli | |
| 0163060 | Morgunberkjur | |
| 0163070 | Gvövur | |
| 0163080 | Ananas | |
| 0163090 | Brauðaldin | |
| 0163100 | Dáraaldin | |
| 0163110 | Nónberkjur | |
| 0163990 | Annað (2) | |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | 0,01 (*) |
| 0211000 | a) **Kartöflur** | |
| 0212000 | b) **Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | |
| 0212010 | Kassavarætur | |
| 0212020 | Sætar kartöflur | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | |
| 0212040 | Örvarrætur | |
| 0212990 | Annað (2) | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamípríð (R) |
|---|---|---|
| 0213000 | c) **Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | |
| 0213010 | Rauðrófur | |
| 0213020 | Gulrætur | |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | |
| 0213040 | Piparrót | |
| 0213050 | Ætihnúðar | |
| 0213060 | Nípur | |
| 0213070 | Steinseljurætur | |
| 0213080 | Hreðkur | |
| 0213090 | Hafursrætur | |
| 0213100 | Gulrófur | |
| 0213110 | Næpur | |
| 0213990 | Annað (2) | |
| 0220000 | **Laukar** | |
| 0220010 | Hvítlaukur | 0,02 |
| 0220020 | Laukar | 0,02 |
| 0220030 | Skalottlaukar | 0,01 (*) |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | 0,01 (*) |
| 0220990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | |
| 0231000 | a) **Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | |
| 0231010 | Tómatar | 0,06 |
| 0231020 | Paprikur | 0,09(+) |
| 0231030 | Eggaldin | 0,2 |
| 0231040 | Okrur | 0,2 |
| 0231990 | Annað (2) | 0,2 |
| 0232000 | b) **Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | |
| 0232010 | Gúrkur | 0,05(+) |
| 0232020 | Smágúrkur | 0,6 |
| 0232030 | Dvergbítar | 0,05(+) |
| 0232990 | Annað (2) | 0,3 |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamípríð (R) |
|---|---|---|
| 0233000 | c) **Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | |
| 0233010 | Melónur | 0,08 |
| 0233020 | Risagrasker | 0,08 |
| 0233030 | Vatnsmelónur | 0,08 |
| 0233990 | Annað (2) | 0,2 |
| 0234000 | d) **Sykurmaís** | 0,01 (*) |
| 0239000 | e) **Annað aldingrænmeti** | 0,2 |
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | |
| 0241000 | a) **Blómstrandi kál** | |
| 0241010 | Spergilkál | 0,06 |
| 0241020 | Blómkál | 0,06 |
| 0241990 | Annað (2) | 0,4 |
| 0242000 | b) **Kálhöfuð** | |
| 0242010 | Rósakál | 0,05 |
| 0242020 | Höfuðkál | 0,03 |
| 0242990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0243000 | c) **Blaðkál** | 0,01 (*) |
| 0243010 | Kínakál | |
| 0243020 | Grænkál | |
| 0243990 | Annað (2) | |
| 0244000 | d) **Hnúðkál** | 0,01 (*) |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | |
| 0251000 | a) **Salat og salatplöntur** | |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | 1,5 |
| 0251020 | Salat | 0,01 (*) |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | 0,01 (*) |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | 3 |
| 0251050 | Vetrarkarsi | 3 |
| 0251060 | Klettasalat | 1,5 |
| 0251070 | Sinnepskál | 0,9 |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*) | 3 |
| 0251990 | Annað (2) | 0,01 (*) |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamípríð (R) |
|---|---|---|
| 0252000 | b) **Spínat og áþekk blöð** | |
| 0252010 | Spínat | 0,01 (*) |
| 0252020 | Súpugull | 0,6 |
| 0252030 | Blaðbeðjur | 0,01 (*) |
| 0252990 | Annað (2) | 0,6 |
| 0253000 | c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | 0,01 (*) |
| 0254000 | d) **Brunnperla** | 0,01 (*) |
| 0255000 | e) **Jólasalat/salatfíflar** | 0,01 (*) |
| 0256000 | f) **Kryddjurtir og æt blóm** | 3 |
| 0256010 | Kerfill | |
| 0256020 | Graslaukur | |
| 0256030 | Blöð af sellerí | |
| 0256040 | Steinselja | |
| 0256050 | Salvía | |
| 0256060 | Rósmarín | |
| 0256070 | Garðablóðberg | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | |
| 0256100 | Fáfnisgras | |
| 0256990 | Annað (2) | |
| 0260000 | **Belgávextir** | |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | 0,6 |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | 0,3 |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | 0,6 |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | 0,3 |
| 0260050 | Linsubaunir | 0,01 (*) |
| 0260990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | |
| 0270010 | Sperglar | 0,01 (*) |
| 0270020 | Salatþistlar | 0,01 (*) |
| 0270030 | Sellerí | 0,01 (*) |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | 0,01 (*) |
| 0270050 | Ætiþistlar | 0,7 |
| 0270060 | Blaðlaukar | 0,01 (*) |
| 0270070 | Rabarbarar | 0,01 (*) |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamípríð (R) |
|---|---|---|
| 0270080 | Bambussprotar | 0,01 (*) |
| 0270090 | Pálmakjarnar | 0,01 (*) |
| 0270990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | 0,01 (*) |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | |
| 0280020 | Villtir sveppir | |
| 0280990 | Mosar og fléttur | |
| 0290000 | **Þörungar og dreifkjörnungslífverur** | 0,01 (*) |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | 0,15 |
| 0300010 | Baunir | |
| 0300020 | Linsubaunir | |
| 0300030 | Ertur | |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | |
| 0300990 | Annað (2) | |
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | |
| 0401000 | **Olíufræ** | |
| 0401010 | Hörfræ | **0,06** |
| 0401020 | Jarðhnetur | 0,01 (*) |
| 0401030 | Valmúafræ | **0,3** |
| 0401040 | Sesamfræ | 0,01 (*) |
| 0401050 | Sólblómafræ | 0,01 (*) |
| 0401060 | Repjufræ | 0,4 |
| 0401070 | Sojabaunir | 0,01 |
| 0401080 | Sinnepsfræ | **0,15** |
| 0401090 | Baðmullarfræ | 0,7 |
| 0401100 | Risagraskersfræ | 0,01 (*) |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ | 0,01 (*) |
| 0401120 | Hjólkrónufræ | 0,01 (*) |
| 0401130 | Akurdoðrufræ | **0,06** |
| 0401140 | Hampfræ | 0,01 (*) |
| 0401150 | Kristpálmafræ | 0,01 (*) |
| 0401990 | Annað (2) | 0,01 (*) |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamípríð (R) |
|---|---|---|
| 0402000 | **Olíurík aldin** | |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu | 3 |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | 0,01 (*) |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | 0,01 (*) |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | 0,01 (*) |
| 0402990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0500000 | **KORNVÖRUR** | |
| 0500010 | Bygg | 0,05 |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir | 0,01 (*) |
| 0500030 | Maís | 0,01 (*) |
| 0500040 | Hirsi | 0,01 (*) |
| 0500050 | Hafrar | 0,05 |
| 0500060 | Hrísgrjón | 0,01 (*) |
| 0500070 | Rúgur | 0,01 (*) |
| 0500080 | Dúrra | 0,01 (*) |
| 0500090 | Hveiti | 0,1 |
| 0500990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0600000 | **TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ** | 0,05 (*) |
| 0610000 | **Te** | |
| 0620000 | **Kaffibaunir** | |
| 0630000 | **Jurtate úr** | |
| 0631000 | a) **Blómum** | |
| 0631010 | Gæsajurt | |
| 0631020 | Læknakólfur | |
| 0631030 | Rósir | |
| 0631040 | Jasmína | |
| 0631050 | Lindiblóm | |
| 0631990 | Annað (2) | |
| 0632000 | b) **Blöðum og kryddjurtum** | |
| 0632010 | Jarðarber | |
| 0632020 | Rauðrunnalauf | |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf | |
| 0632990 | Annað (2) | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamípríð (R) |
|---|---|---|
| 0633000 | c) **Rótum** | |
| 0633010 | Garðabrúða | |
| 0633020 | Ginseng | |
| 0633990 | Annað (2) | |
| 0639000 | d) **Öðrum plöntuhlutum** | |
| 0640000 | **Kakóbaunir** | |
| 0650000 | **Jóhannesarbrauð** | |
| 0700000 | **HUMLAR** | 0,05 (*) |
| 0800000 | **KRYDD** | |
| 0810000 | **Krydd úr fræjum** | 0,05 (*) |
| 0810010 | Anís/anísfræ | |
| 0810020 | Ilmfrú | |
| 0810030 | Sellerí | |
| 0810040 | Kóríander | |
| 0810050 | Kúmín | |
| 0810060 | Dill | |
| 0810070 | Fenníkur | |
| 0810080 | Grikkjasmári | |
| 0810090 | Múskat | |
| 0810990 | Annað (2) | |
| 0820000 | **Aldinkrydd** | |
| 0820010 | Allrahanda | 0,05 (*) |
| 0820020 | Kínapipar | 0,05 (*) |
| 0820030 | Kúmen | 0,05 (*) |
| 0820040 | Kardimommur | 0,1 |
| 0820050 | Einiber | 0,05 (*) |
| 0820060 | Pipar (svartur, grænn og hvítur) | 0,1 |
| 0820070 | Vanilla | 0,05 (*) |
| 0820080 | Tamarind | 0,05 (*) |
| 0820990 | Annað (2) | 0,05 (*) |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamíprið (R) |
|---|---|---|
| 0830000 | **Barkarkrydd** | 0,05 (*) |
| 0830010 | Kanill | |
| 0830990 | Annað (2) | |
| 0840000 | **Krydd úr rótum og jarðstönglum** | |
| 0840010 | Lakkrís | 0,05 (*) |
| 0840020 | Engifer (10) | |
| 0840030 | Túrmerik/gullinrót | 0,05 (*) |
| 0840040 | Piparrót (11) | |
| 0840990 | Annað (2) | 0,05 (*) |
| 0850000 | **Blómhnappakrydd** | 0,05 (*) |
| 0850010 | Negull | |
| 0850020 | Kapers | |
| 0850990 | Annað (2) | |
| 0860000 | **Frævukrydd** | 0,05 (*) |
| 0860010 | Saffran | |
| 0860990 | Annað (2) | |
| 0870000 | **Frækápukrydd** | 0,05 (*) |
| 0870010 | Múskatblóm | |
| 0870990 | Annað (2) | |
| 0900000 | **SYKURPLÖNTUR** | 0,01 (*) |
| 0900010 | Sykurrófurætur | |
| 0900020 | Sykurreyr | |
| 0900030 | Kaffifífilsrætur | |
| 0900990 | Annað (2) | |
| 1000000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR** | |
| 1010000 | **Vörur úr** | |
| 1011000 | a) **Svínum** | |
| 1011010 | Vöðvi | 0,5 |
| 1011020 | Fita | 0,3 |
| 1011030 | Lifur | 1 |
| 1011040 | Nýru | 1 |
| 1011050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1 |
| 1011990 | Annað (2) | 0,02 (*) |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamípríð (R) |
|---|---|---|
| 1012000 | b) **Nautgripum** | |
| 1012010 | Vöðvi | 0,5 |
| 1012020 | Fita | 0,3 |
| 1012030 | Lifur | 0,03 |
| 1012040 | Nýru | 1 |
| 1012050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,05 |
| 1012990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 1013000 | c) **Sauðfé** | |
| 1013010 | Vöðvi | 0,5 |
| 1013020 | Fita | 0,3 |
| 1013030 | Lifur | 1 |
| 1013040 | Nýru | 1 |
| 1013050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1 |
| 1013990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 1014000 | d) **Geitum** | |
| 1014010 | Vöðvi | 0,5 |
| 1014020 | Fita | 0,3 |
| 1014030 | Lifur | 1 |
| 1014040 | Nýru | 1 |
| 1014050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1 |
| 1014990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 1015000 | e) **Hestum** | |
| 1015010 | Vöðvi | 0,5 |
| 1015020 | Fita | 0,3 |
| 1015030 | Lifur | 1 |
| 1015040 | Nýru | 1 |
| 1015050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1 |
| 1015990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 1016000 | f) **Alifuglum** | |
| 1016010 | Vöðvi | 0,02 (*) |
| 1016020 | Fita | 0,02 (*) |
| 1016030 | Lifur | 0,1 (*) |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamípríð (R) |
|---|---|---|
| 1016040 | Nýru | 0,1 (*) |
| 1016050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,02 (*) |
| 1016990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 1017000 | g) **Öðrum öldum landdýrum** | |
| 1017010 | Vöðvi | 0,5 |
| 1017020 | Fita | 0,3 |
| 1017030 | Lifur | 1 |
| 1017040 | Nýru | 1 |
| 1017050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1 |
| 1017990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 1020000 | **Mjólk** | 0,2 |
| 1020010 | Nautgripir | |
| 1020020 | Sauðfé | |
| 1020030 | Geitur | |
| 1020040 | Hestar | |
| 1020990 | Annað (2) | |
| 1030000 | **Fuglsegg** | 0,02 (*) |
| 1030010 | Hænsni | |
| 1030020 | Endur | |
| 1030030 | Gæsir | |
| 1030040 | Kornhænur | |
| 1030990 | Annað (2)2 | |
| 1040000 | **Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)** | **0,3** |
| 1050000 | **Froskdýr og skriðdýr** | 0,02 (*) |
| 1060000 | **Landhryggleysingjar** | 0,02 (*) |
| 1070000 | **Villt landhryggdýr** | 0,02 (*) |
| 1100000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)** | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Asetamíprið (R) |
|---|---|---|
| 1200000 | **AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOTAÐIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)** | |
| 1300000 | **UNNIN MATVÆLI (9)** | |

(*) Neðri greiningarmörk

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

(+) Samsetningar varnarefnis og afurðar sem neðanmálsgrein er til um. Skráin yfir neðanmálsgreinar kemur fram hér á eftir.

**Asetamíprið (R)**

(R) Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum: Asetamíprið – kóði 1000000 að undanskildu 1040000: Summa asetamípríðs og N-desmetýl-asetamípríðs (IM-2-1), gefin upp sem asetamíprið

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 19. febrúar 2027 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

**0130010 Epli**
**0130020 Perur**
**0130030 Kveði**
**0140010 Apríkósur**
**0231020 Paprikur**
**0232010 Gúrkur**
**0232030 Dvergbítar“**